



Körfuknattleiksþing 16. mars 2019

ÞINGBOÐ

Reykjavík, 29. janúar 2019

**Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
Héraðssambönd og Íþróttabandalög
Körfuknattleiksfélög**

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 16. mars næstkomandi. Þingið verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Sambandsaðilum til upplýsinga og glöggvunnar eru helstu dagsætningar fram að þingi sem hafa þarf í huga samkvæmt lögum KKÍ:

- Í síðasta lagi föstudaginn 1. febrúar þarf stjórn KKÍ að senda út þingboð á sambandsaðila KKÍ og er það hér með gert í bréfi þessu.
- Föstudagurinn 22. febrúar er síðasti dagur fyrir sambandsaðila að skila inn tillögum/þingsályktunum fyrir þingið.
- Í síðasta lagi föstudaginn 22. febrúar skal skrifstofa KKÍ senda kjörbréf til allra sambandsaðila.
- Miðvikudagurinn 6. mars er síðasti dagur til að skila inn framboðum til stjórnar.
- Í síðasta lagi föstudaginn 8. mars þarf stjórn KKÍ að senda út tillögur sem liggja fyrir þinginu, dagskrá þings og ársskýrslu á sambandsaðila.
- Í síðasta lagi föstudaginn 8. mars þurfa sambandsaðilar að skila inn útfylltum kjörbréfum til skrifstofu KKÍ svo félög geti verið með atkvæði á þinginu.

- Í síðasta lagi föstudaginn 8. mars þurfa félög að gera upp skuldir sínar við KKÍ þannig að félagið sé skuldlaust viku fyrir þing og geti verið með atkvæði á þinginu.

Lög KKÍ og allar reglugerðir sambandsins má nálgast á heimasíðu KKÍ: www.kki.is

Nánari dagskrá og kjörbréf verða send út þegar nær dregur þingi og samkvæmt lögum KKÍ.

Ef sambandsaðilar óska eftir frekari upplýsingum eða aðstoð vegna tillögu / þingsályktunargerðar fyrir þingið þá að sjálfsögðu hafið þið samband við skrifstofu KKÍ.

Fyrir hönd Körfuknattleikssambands Íslands,

Hannes S. Jónsson
Formaður KKÍ

Guðbjörg Norðfjörð
Varaformaður KKÍ